

Kjósarhreppur  
Sigurður H. Ólafsson  
Félagsgarði  
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 18.3.2022  
UST202203-130/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017 - 2029 – Möðruvellir 1**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósarhrepps er barst 9. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017 – 2029 fyrir Möðruvelli.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreind er ný 1,9 ha íbúðarbyggð (ÍB5b), núverandi iðnaðarsvæði I2 stækkar um 403 m<sup>2</sup> og frístundabyggðin F15c minnkar því úr 10,5 ha í 8,6 ha.

#### **Náttúruverndarsvæði**

Í greinargerð kemur fram að engin náttúruverndarsvæði, friðlýst svæði eða náttúruminjar eru á skipulagssvæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að Laxárvogur og Laxá í Kjósarhreppi sem eru á náttúruminjasrá, og fjallað er um fyrr í greinargerð, eru „náttúruverndarsvæði“ og „náttúruminjar“ sbr. 5. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 þar sem fjallað er um skilgreiningar.

Umhverfisstofnun telur því réttara að segja, að engin friðlýst svæði skv. 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 eru á skipulagssvæðinu.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Agnes Porkelsdóttir  
sérfræðingur